



Norræna
ráðherranefndin

Norðurlönd – afl til friðar

Formennskuáætlun Íslands í
Norrænu ráðherranefndinni 2023





Osló, Noregi. Mynd: Unsplash.com

Efnisyfirlit

Kveðja frá forsætisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda	3
Græn Norðurlönd	5
Samkeppnishæf Norðurlönd	9
Félagslega sjálfbær Norðurlönd	12
Friður	15
Framtíðarsýn okkar 2030	17
Um ritið	18

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2022-740/>



Barnafoss. Mynd: Visit Iceland

Kveðja frá forsætisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda



**Katrín
Jakobsdóttir,
forsætisráðherra
og Guðmundur
Ingi
Guðbrandsson,
samstarfsráðherra**

Samstarf Norðurlanda byggist á sterkum menningarlegum og samfélagslegum tengslum. Við skiptumst á skoðunum, leitum sameiginlegra lausna við áskorunum samtímans og framtíðarinnar og deilum reynslu og þekkingu hvert með öðru.

Norrænu þjóðirnar eru sterkastar þegar þær standa saman. Norrænt samstarf skilar okkur ekki einungis árangri heldur einnig ánægju og byggir brýr milli íbúa landanna. Þetta á við um til dæmis jafnrétti kynjanna, umhverfismál og almenna velferð í samfélögum okkar.

Norrænt samstarf nýtur mikils stuðnings á Norðurlöndum og margar kynslóðir þekkja ekki tilveruna án þess. Mögulega hættir okkur stundum til að taka samstarfinu sem sjálfsögðum hlut. Norrænt samstarf sprettur þó ekki upp af sjálfu sér og er ekki sjálfgefið. Það er afrakstur samtals, vinnu og sameiginlegra ákvarðana sem styrkja okkur sem eitt svæði. Framtíðarsýnin fyrir norrænt samstarf til ársins 2030 um að vera sjálfbærasta og samþættasta svæði heims er dæmi um slíka sameiginlega ákvörðun sem skapar ótal tækifæri á næstu árum.

Á formennskutíma Íslands verður unnið ötullega að áherslusviðunum þremur í framkvæmdaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um *græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd*. Við munum líka leggja áherslu á að varpa ljósi á mikilvægi friðar sem undirstöðu mannréttinda, velferðar, kvenfrelsis og umhverfis- og loftslagsverndar.

Málefni hafsins og græn umbreyting í nýtingu á auðlindum þess mun fá sérstaka athygli í samræmi við nýlega yfirlýsingu allra forsætisráðherra norrænu ríkjanna. Á undanförunum árum hefur á Norðurlöndum verið tekið afgerandi frumkvæði varðandi alþjóðlegan samning um varnir gegn plastmengun í hafi.

Á formennskuárinu munum við leggja áherslu á nána samvinnu innan Norðurlanda í loftslagsmálum, ekki síst á sviði orkuskipta og réttlátra grænna

umskipta, þar með talið á vinnumarkaði. Þá verður haldið áfram að sækja fram í stafrænni þróun og lögð áhersla á að finna leiðir til að gera nýjar rafrænar lausnir aðgengilegar öllum þeim sem geta átt erfitt með að tileinka sér slíkar nýjungar.

Við munum jafnframt leggja ríka áherslu á að vinna gegn því bakslagi sem orðið hefur í réttindabaráttu hinsegin fólks, standa vörð um áunnin réttindi og stuðla að því að auka réttindi þessa hóps.

Við munum halda áfram að ryðja úr vegi óþarfa stjórnsýsluhindrunum og auka þannig samþættingu og alþjóðlega samkeppnishæfni svæðisins.

Þá verður athyglinni beint að því að Norðurlönd eru skapandi svæði og stuðlað að nýsköpun í menningarlífi, enda gegna menning og skapandi greinar æ mikilvægara hlutverki í hagkerfinu.

Norrænt samstarf nær líka út fyrir Norðurlöndin og við erum sterkust þegar við tölum einni röddu á alþjóðavettvangi. Við blasa stór viðfangsefni af ólíkum toga sem mikilvægt er að leysa þvert á landamæri. Formennska Íslands mun leggja áherslu á samstarf norrænu landanna um þessi málefni bæði heima fyrir og í alþjóðlegu samstarfi með lýðræði, mannréttindi og umhverfisvernd að leiðarljósi.

Við hlökkum til samstarfsins á árinu 2023.



Ljósmynd: Utanríkisráðuneytið, Golli, Kjartan Þorbjörnsson



Græn Norðurlönd

Á formennskuári Íslands verða stoðir áframhaldandi samstarfs um sjálfbæra þróun samfélaga okkar treystar. Áhersla verður lögð á að deila með öðrum reynslu og góðum árangri í loftslagsmálum, málefnum hafsins og við innleiðingu á hringrásarhagkerfinu og efla þannig samstarf á þessum sviðum. Ísland leggur einnig sérstaka áherslu á að virkja alla samfélagshópa á þessari grænu vegferð.

Umhverfi

Norðurlöndin hafa ekki farið varhluta af vaxandi áskorunum af völdum loftslagsbreytinga, minnkandi líffræðilegs fjölbreytileika og mengunar umhverfisins á undanförunum árum og áratugum. Þessum áskorunum hefur meðal annars verið mætt og verður áfram mætt með öflugum norrænu samstarfi á sviði umhverfismála.

Áhrif loftslagsbreytinga eru sýnilegust á norðurskautssvæðinu og norðurhveli jarðar, og þar með á Norðurlöndum. Auk aðgerða til að draga úr aukningu gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti er á Norðurlöndum unnið að verkefnum sem tengjast aðlögun að loftslagsbreytingum. Á formennskuári Íslands gefst tækifæri til að deila reynslu og góðum dæmum um aðlögun að loftslagsbreytingum á Norðurlöndum, meðal annars með áherslu á þær fjölbreyttu áskoranir sem blasa við litlum byggðarlögum á norðurslóðum.

Á formennskuári Íslands verða jafnframt viðbrögð vinnumarkaðarins við loftslagsbreytingum og grænum umskiptum í brennidepli. Mikilvægt er að samtal yfirvalda og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins leiði til sameiginlegra viðbragða til þess að umskiptin geti orðið réttlát og stuðli að auknum jöfnuði.

Margt bendir til þess að græn umskipti muni ekki hafa í för með sér fækkun starfa heldur skapi einnig ný störf á nýjum sviðum. Tryggja þarf að á vinnumarkaði verði fólk sem er hæft til að mæta þörfum grænna umskipta og samhliða beina þeim sem eiga á hættu að missa atvinnu vegna grænna umskipta í ný störf. Þannig þarf að treysta grunninn að réttlátum grænum umskiptum til hagsbóta fyrir öll norrænu löndin.

Jafnrétti

Við græn umskipti er nauðsynlegt að huga að sambættingu kynja og jafnréttissjónarmiða í samræmi við sameiginlega skuldbindingu Norðurlandanna um *Green and Gender-Equal Nordic Region* sem undirrituð var í New York á kvennanefndarfundi Sameinuðu þjóðanna í mars 2022. Loftslagsbreytingar og jafnrétti kynjanna eru tvær af stærstu áskorunum samtímans og því er mikilvægt að Norðurlöndin taki þátt í að setja þessi málefni á dagskrá með afgerandi hætti. Til að tryggja réttlát umskipti er nauðsynlegt að hafa í huga að loftslagsbreytingar og aðgerðir í loftslagsmálum hafa mismunandi áhrif á kynin.

Fyrsta úttektin á framkvæmd Parísarsamningsins mun liggja fyrir á formennskuári Íslands, en hún verður grundvöllur nýrra landsmarkmiða aðildarríkja samningsins. Öll norrænu löndin hafa sett sér markmið um kolefnishlutleysi og er mikilvægt að allar þjóðir heims setji sér viðlíka markmið sem fyrst.

Á Norðurlöndum er leitað margvíslegra leiða og horft til sjálfbærra lausna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, efla bindingu og fjarlægja koldíoxíð úr útblæstri og andrúmslofti. Á formennskuári Íslands verður athygli beint að möguleikum Norðurlanda til að fanga og geyma kolefni á varanlegan hátt. Þá eru líka tækifæri til að nýta betur þær lausnir sem felast í geymslu kolefnis í jarðvegi með endurheimt landgæða og markvissum aðgerðum til að draga úr losun frá landbúnaði og landnotkun. Á Norðurlöndum eru fjölmörg tækifæri til að ná enn lengra í sjálfbærri landbúnaðarframleiðslu og þau þarf að grípa.

Hafið

Hafið skipar sérstakan sess á Norðurlöndum og í samræmi við yfirlýsingu

norrænu forsætisráðherranna í ágúst 2022 mun Ísland leggja ríka áherslu á málefni hafsins. Ísland mun einnig leggja áherslu á vestnorrænt samstarf á þessu sviði. Með aukinni vinnslu prótíns úr norrænu sjávarfangi gefst tækifæri til að minnka umhverfisáhrif þar sem framleiðsla þess hefur að jafnaði minni umhverfisáhrif.

Þrátt fyrir að norrænum sjávarútvegi hafi tekist að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda er enn nokkuð í land með að ná kolefnishlutleysi. Ísland mun leggja aukna áherslu á græna umbreytingu í sjávarútvegi og við nýtingu á auðlindum hafsins ásamt því að draga úr umhverfisáhrifum í virðiskeðjum sjávarafurða.

Ísland mun jafnframt leggja til betri nýtingu á vannýttum tegundum til að mæta markmiðum um aukna prótínframleiðslu á Norðurlöndum og að kannað verði hvernig auðvelda má umhverfisvöktun og auðlindastýringu.

Norðurlönd voru í fararbroddi um að hefja viðræður um alþjóðlegan samning til að draga úr plastmengun. Viðræðurnar munu eiga sér stað 2022–2024 og er mikilvægt að leggja áherslu á metnaðarfullan samning.

Orka

Orkuskipti eru grundvöllur grænni Norðurlanda og stuðla auk þess að bættu orkuöryggi. Græn orka verður stöðugt verðmætari enda fer eftirspurn eftir henni ört vaxandi. Möguleikar hennar felast meðal annars í beislun vindorku bæði á landi sem og á hafi og hafsvæðum sem umlykja Norðurlönd og geyma krafta sem hægt er að virkja með enn hagkvæmari hætti en áður. Áherslan á formennskuárinu verður fólgin í því að læra og miðla af reynslu landanna í þróun þessara orkukosta og hvernig megi á sama tíma horfa til náttúruverndar og auka þá samfélagslegu sátt sem nauðsynleg er fyrir framþróun í orkunýtingu. Norðurlöndin standa framarlega í notkun endurnýjanlegrar orku og orkuskiptum og Ísland hefur sérstöðu hvað varðar nýtingu jarðvarmans. Á formennskuárinu vill Ísland leggja áherslu á þátt endurnýjanlegrar orku í auknu orkuöryggi og við að bæta hag almennings. Aukinn orkusparnaður og beislun endurnýjanlegrar orku stuðlar að auknu orkuöryggi þar sem hægt er að draga úr innflutningi jarðefnaeldsneytis.

Sjálfbærni

Norðurlönd hafa sett sér stefnu um sjálfbæra þróun og hringrásarhagkerfi sem snertir allt frá rekstri stórfyrirtækja og nýtingu auðlinda til daglegra athafna almennings. Fjölnýting hliðarafurða frá iðnaði og orkuverum er mikilvægur þáttur í virku hringrásarhagkerfi og bættri orkunýtingu. Áhersla verður lögð á möguleika vetnis- og rafeldsneytis í orkuskiptum bæði á landi í þungaflutningum og á hafi, ekki síst í fiskiskipum. Enn fremur er nauðsynlegt að nýta lífræn hráefni bæði sem áburð við ræktun og til að auka landgæði. Á sama tíma er brýnt að leggja áherslu á forvarnir til að koma í veg fyrir myndun úrgangs, hvort heldur er í fyrirtækjum eða inni á heimilum fólks.

Norðurlönd munu einungis þróast áfram í átt að sjálfbærni með virkri þátttöku alls samfélagsins og m.a. stafrænum lausnum. Vinna þarf áfram að því að byggja upp græn Norðurlönd þar sem jafnrétti kynjanna er haft að leiðarljósi. Til að tryggja það þurfa loftslagsaðgerðir að taka mið af sjónarmiðum allra kynja.

Á næstu áratugum mun aldurssamsetning íbúa norrænu ríkjanna breytast og hlutfall eldra fólks aukast til muna. Sá aldurshópur býr yfir krafti, reynslu og þekkingu sem gæti nýst á margvíslegan og öflugan hátt í þágu umhverfisins. Samtímis gæti frumkvæði á þessu sviði haft jákvæð félagsleg áhrif meðal eldra fólks.



Pingeyri. Ljósmynd: Unsplash.com



Samkeppnishæf Norðurlönd

Áhersla Norðurlanda á grænan hagvöxt ásamt þekkingu og nýsköpun er lykill að aukinni samkeppnishæfni. Formennskuáætlun Íslands leggur áherslu á að allir íbúar Norðurlandanna eigi kost á að vera virkir þátttakendur í stafrænni þróun og geti nýtt möguleika hennar. Sameiginlegur vinnumarkaður og mikill mannauður Norðurlanda, frjáls för fólks og fyrirtækja um svæðið mun gera Norðurlöndum kleift að takast á við margvíslegar breytingar og áskoranir komandi ára.

Samfélagsþróun

Til að fylgja eftir áformum um að auka samkeppnishæfni hafa Norðurlönd einsett sér að efla grænan hagvöxt á svæðinu, m.a. með aukinni áherslu á þekkingu og nýsköpun og þá möguleika sem felast í stafrænni þróun. Öflugur vinnumarkaður og hreyfanleiki innan hans er einnig lykillþáttur til að ná því markmiði. Norðurlönd njóta góðs af því að vera samstiga á slíkri vegferð.

Mikilvægt er að rannsaka langtímaafleiðingar COVID-19 ítarlega. Á formennskuári Íslands gefst tækifæri til að halda áfram að byggja upp aðgang rannsakennda að norrænum heilbrigðisgögnum í gegnum örugga stafræna innviði (Nordic commons).

Ungt fólk hefur á undanförunum árum látið að sér kveða í samfélagslegri umfjöllun um brýn úrlausnarefni samtímans og veitt þannig stjórnvöldum og fyrirtækjum mikilvægt aðhald. Á formennskuári Íslands verður leitast við að nýta nýjar leiðir og tækni til að efla aðkomu ungs fólks á Norðurlöndum að opinberri umræðu með því að styrkja það í að skapa sameiginlegan umræðuvettvang og auka þannig samtal þess og norrænna stjórnvalda.

Vinnumarkaður

Ljóst er að framtíðin felur í sér margvíslegar breytingar og áskoranir á vinnumarkaði sem norrænu þjóðirnar þurfa að geta mætt óhikað. Því þarf að skapa grundvöll til ákvarðanatöku í takt við hraða þróun á vinnumarkaði. Á formennskuári Íslands verður sjónum sérstaklega beint að því að byggja ofan á þá þekkingu sem þegar hefur skapast með vönduðum, norrænum rannsóknum á þessu sviði. Á formennskuári Íslands verða skoðuð áhrif heimsfaraldurs á vinnumarkað og hvernig styðja megi við heilbrigt og sjálfbært vinnuumhverfi í allra þágu starfsævina á enda til að viðhalda þeim auði sem í vinnuaflinu býr.

Góð atvinnuþátttaka er forsenda sjálfbærs velferðarkerfis og lykilatriði fyrir samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Í norrænu samstarfi er unnið að því að efla þekkingargrunn um hvernig löndin geti aukið atvinnuþátttöku allra hópa í samfélaginu.

Undir formennsku Íslands verður horft sérstaklega til þarfa innflytjenda og fatlaðs fólks og hvernig greiða megi fyrir inngildingu þeirra á vinnumarkað.

Á Norðurlöndum hefur verið lögð rík áhersla á að útrýma kynbundnum launamun. Engu að síður mælist enn launamunur á svæðinu sem ekki verður skýrður með öðru en kyni. Ýmislegt bendir til að sú hæfni sem hefðbundin kvennastörf gera kröfu um hafi verið vanmetin til launa. Undir formennsku Íslands verður sjónum því beint að verðmætamati starfa og kynskiptum vinnumarkaði á Norðurlöndum.

Stafræn þróun

Aukin samþætting svæðisins kallar á aukinn hreyfanleika fólks og fyrirtækja milli landanna m.a. með afnámi norrænna stjórnsýsluhindrana. Undir formennsku Íslands verður hugað að stafrænum lausnum, sameiginlegri viðurkenningu starfsréttinda og bættum skattareglum milli landanna til að auðvelda fólki að stunda nám, starfa og reka fyrirtæki í öðru landi en heimalandinu.

Á formennskuári Íslands verður áfram unnið að því að styrkja stafræna innviði sem mun leggja grunn að því að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin verði samþættasta svæði heims í stafrænni þjónustu og gagnasamskiptum. Á allra síðustu árum hefur verið unnið að verkefnum á sviði auðkenningar sem leggur grunninn að því að auka framboð stafrænnar þjónustu þvert á landamæri. Áfram verður lögð áhersla á að þróa nauðsynlega þjónustu milli landanna til

að auðveldara verði að búa hvar sem er í löndum innan svæðisins og stunda þar viðskipti. Þróun þessarar þjónustu tengist einnig Evrópuverkefnum, svo sem EU Single Digital Gateway, EU Digital Wallet og Nordic Smart Government and Business.

Menning

Upplýsingatækni hefur einnig umbylt menningu samtímans. Stafræn miðlun hefur tekið stórstíggum framförum og aukið til muna samstarf þvert á landamæri og listgreinar og er mikilvægur þáttur í því.

Hröð þróun á alþjóðavettvangi og fjölgun íbúa frá öðrum menningarsvæðum kalla á breytingar í norrænu samstarfi sem felast meðal annars í áskorunum vegna aðlögunar og um leið tækifæri til menningarlegrar nýsköpunar.

Á Norðurlöndum á að vera fjölbreytt menningarlíf sem rúmar fjölbreytileika, forvitni og frumsköpun. Ísland vill nýta það tækifæri sem gefst á formennskuárinu til að vekja athygli á að Norðurlöndin eru eftirsóknarvert og skapandi svæði sem eflir samanlagða samkeppnishæfni landanna.

Mikilvægt er að styrkja og þróa menningar- og listalíf á Norðurlöndum með því að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum listamanna sín á milli og við norrænar listahátíðir og listviðburði. Fjölbreytt menningarstarfsemi er lykilþáttur í atvinnulífi Norðurlanda og mun vega enn þyngra í framtíðinni þar sem listir, menning og skapandi atvinnugreinar gegna æ mikilvægara hlutverki í hagkerfinu.



Ljósmynd: Utanríkisráðuneytið, Golli, Kjartan Þorbjörnsson



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Jöfnuður, félagsleg velferð, traust, jafnrétti og lýðræðisvitund – þessi grunngildi tengja norrænu löndin órofa böndum og á þeim byggjast samfélög okkar. Á formennskuárinu vill Ísland meðal annars setja í forgrunn norrænt samstarf í heilbrigðismálum, jafnrétti og réttindi hinsegin fólks, nýjar stafrænar lausnir sem auka aðgengi fólks og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða þegar grænu umskiptin eiga sér stað.

Heilbrigði

Norðurlönd skora hátt á flestum mælikvörðum þegar lífsgæði eru borin saman milli þjóða heims enda hefur leiðarljósið um norræna velferðarkerfið mótað norræn samfélög um langt skeið. Með framtíðarsýn sinni um félagslega sjálfbært svæði setja Norðurlöndin sér markmið um að verða samfelld svæði þar sem sameiginleg gildi eins og öflug heilbrigðisþjónusta, jöfnuður, lýðræði, jafnrétti og félagsleg velferð eru ráðandi. Þessi gildi gegna lykilhlutverki í því að skapa friðsamleg samfélög íbúum landanna til heilla.

Í ljósi þessa verða bætt lýð- og geðheilsa, einkum barna og ungs fólks, stafræn umbreyting, nýsköpun í heilbrigðis- og velferðarmálum og varnir gegn sýklalyfjaónæmi, áfram mikilvægir málaflokkar á formennskuári Íslands.

Forvarnir hafa fyrir löngu sannað gildi sitt sem öflugt tæki til að efla líkamlega og andlega heilsu, ekki síst hjá ungmönnum. Norræn samfélög takast nú á við áskoranir vegna hækkandi meðalaldurs og afleiðinga COVID-19.

Undir formennsku Íslands verður leitast við að draga fram samnorræna reynslu af forvörnum með áherslu á fyrirbyggjandi og snemmtækar aðgerðir og þróa áfram norrænt samstarf í heilbrigðismálum í þeim tilgangi að efla heilsu allra.

Í ljósi reynslunnar af COVID-19 verður bættur heilsuviðbúnaður til skoðunar á formennskuári Íslands. Mikilvægt er að efla viðbragð á hættustundum, svo sem í heimsfaraldri eða öðrum heilbrigðiskreppum, meðal annars með samstarfi um afhendingaröryggi, stöðuga framleiðslu og örugga dreifingu á matvælum og lyfjum. Áfram verður unnið að viðbúnaði á sviði bólusetninga og lyfja.

Þá verður áhersla á norræna samvinnu um að bæta notkun lyfja á Norðurlöndum og draga úr notkun sýklalyfja um heim allan.

Réttindi

Mikilvægt er að tryggja heilbrigt og sjálfbært vinnuumhverfi í allra þágu starfsævina á enda til að viðhalda þeim auði sem í vinnuaflinu býr. Á formennskuári Íslands verður áfram unnið að því að efla heilbrigt og öruggt vinnuumhverfi með því að greina framtíðaráskoranir í vinnuvernd. Baráttan gegn mansali mun áfram verða áherslumál undir formennsku Íslands og unnið á grunni vinnu undanfarinna ára í norrænu samstarfi.

Með því að efla gagnkvæman tungumálaskilning íbúa Norðurlanda má auka samþættingu á svæðinu, ekki síst í tilfalli barna og ungmenna. Ísland mun í formennsku sinni leggja áherslu á að klára endurskoðun tungumálafirlýsingarinnar en það verkefni hófst að frumkvæði Íslands á árinu 2019.

Á Norðurlöndum er unnið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mun Ísland í formennsku sinni leggja áherslu á að ríki og sveitarfélög í norrænu löndunum taki höndum saman um barnvæn samfélög.

Jafnrétti er einn af hornsteinum norræns samstarfs. Á undanförum árum hafa réttindi hinsegin fólks átt undir högg að sækja víða um heim. Mikilvægt er að bregðast við þessu. Norðurlönd þurfa áfram að standa vörð um áunnin réttindi samhliða því að auka enn við þau þar sem á hallar.

Undir formennsku Íslands verða jafnrétti og réttindi hinsegin fólks í brennidepli. Málefni transfólks og intersex fólks verða ofarlega á baugi enda um að ræða hópa sem eiga enn nokkuð í land til að öðlast full réttindi og viðurkenningu í samfélaginu.

Nýsköpun

Norðurlönd hafa verið í fararbroddi við nýsköpun og innleiðingu tæknilausna í gegnum tíðina og markmiðið er að til verði samfelld svæði án aðgreiningar. Allir hópar þurfa því að vera með í þeirri umfangsmiklu stafrænu umbreytingu sem nú á sér stað. Undir formennsku Íslands verður áhersla á að tryggt sé að nýjar rafrænar lausnir séu aðgengilegar fötluðu fólki til jafns við aðra.

Þá verður á formennskuári Íslands lögð áhersla á að mótuð verði sameiginleg norræn stefna um stafræna máltækni sem getur stuðlað að framgangi tungumálanna allra í stafrænum heimi, svo norræn tungumál geti verið aðgengileg í samskiptum við tæki og í allri upplýsingavinnu.

Ein birtingarmynd norræna velferðarkerfisins er að fólk nær hærri aldri og því stækkar sá hópur hraðar en aðrir aldurshópar. Á formennskuári Íslands verður lögð áhersla á að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu þannig að eldra fólk lifi sjálfstæðu og virku lífi sem lengst og njóti mikilla lífsgæða á efri árum. Með bættri þjónustu geta fleiri búið heima og verið virkir þátttakendur í samfélaginu í stað þess að þurfa að flytjast á hjúkrunarheimili eða sjúkrahús.



Ljósmynd: Utanríkisráðuneytið, Golli, Kjartan Þorbjörnsson



Friður

Friður gegnir lykilhlutverki í að gera Norðurlönd græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær. Norrænu ríkin hafa komið fram saman á alþjóðavettvangi sem boðberar friðar og hvatt til alþjóðlegra samninga um frið og afvopnun. Áhrifa innrásar Rússlands í Úkraínu gætir um alla Evrópu og víðar og staða öryggismála á Vesturlöndum er gjörbreytt. Við slíkar aðstæður er samstaða og samvinna norrænu þjóðanna afar mikilvæg.

Á formennskuárinu verður sérstaklega varpað ljósi á hvernig friður er forsenda mannréttinda, ekki síst kvenfrelsis, félagslegs stöðugleika og umhverfisverndar.

Ofbeldi og ofbeldisógn eru hluti af daglegu lífi kvenna, hinsegin fólks og fleiri hópa, en hún margfaldast á stríðstímum og hefur enn meiri áhrif á stöðu þeirra sem veikar standa. Kynferðislegt ofbeldi gagnvart konum er fylgifiskur styrjalda og er óspart notað sem vopn í hernaði og börn sem verða aðskilin frá foreldrum sínum geta auðveldlega orðið fórnarlömb mansals.

Loftslagsbreytingar hrekja fólk frá heimilum sínum og á flótta rétt eins og stríð. Á næstu árum og áratugum munu þær að óbreyttu leiða til stóraukinna fólksflutninga og fjöldi umhverfisflóttafólks mun aukast til muna. Á sama hátt og baráttan gegn loftslagsvánni er ein helsta undirstaða velferðar og öryggis er friður grundvöllur þess að hægt sé að berjast gegn loftslagsbreytingum, viðhalda félagslegum stöðugleika og auka jöfnuð.


Í formennskutíð sinni vill Ísland leggja áherslu á að friðarmál eiga að vera einn af hornsteinum norræns samstarfs.

Gera þarf samstarf friðarsetra og rannsóknastofnana á Norðurlöndum sýnilegra og gera því góða starfi sem þar er unnið hærra undir höfði. Á formennskuárinu mun Ísland standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í Reykjavík þar sem dregið verður fram mikilvægi friðar sem undirstöðu mannréttinda, velferðar, kvenfrelsis og umhverfisverndar og tengja það við áherslur í framtíðarsýn Norðurlanda um sjálfbærasta og samþættasta svæði heims.

Framtíðarsýn okkar 2030

Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



**Norðurlönd eiga
að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**

Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.



**Framtíðarsýn
okkar 2030, sem
forsætisráðherrar
Norðurlanda
samþykktu í ágúst
2019 í
formennskutíð
Íslands, er áfram
mikilvægt leiðarljós
í starfinu.**

Um ritið

Norðurlönd – afl til friðar
Formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni 2023

PolitikNord 2022:740
ISBN 978-92-893-7431-6 PDF
ISBN 978-92-893-7432-3 ONLINE
<http://dx.doi.org/10.6027/politikkord-2022-740>

© Norræna ráðherranefndin 2022

Útgefið 1.11.2022

Kápumynd: Visit Iceland. Háifoss, Island.

Umbrot: Louise Jeppesen

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi efla í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 Kaupmannahöfn
www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur